

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Ísafjarðarbær MÓTTEKIÐ 05. júlí 2018 Málsnr. <u>2017-08-0006</u> Frumrit - skilist til skjalasafns
--

Reykjavík, 29. júní 2018

Tilvísun: 5.1 / 201805042

Efni: Framleiðsluaukning Arctic Sea Farm í Dýrafirði - beiðni um umsögn


Arctic Sea Farm hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um 10.000 tonna laxeldi í Dýrafirði. Framleiðsluaukning um 5.800 tonn.

Meðfylgjandi er frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir að Ísafjarðarbær gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn skal umsagnaraðili á grundvelli starfssviðs hans gera grein fyrir hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögn óskast send Skipulagsstofnun fyrir 26. júlí 2018 einnig á tölvupóstfang: skipulag@skipulag.is og jakob@skipulag.is.

Virðingarfyllt,



Sigurður Ásbjörnsson

Umsagnaraðilar: Ísafjarðarbær, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofa og Umhverfisstofnun